



Lög júdódeildar UMFN

1. grein

Heiti og aðsetur

Félagið heitir júdódeild UMFN.

2. grein

Heimili þess og varnarþing er í Reykjanesbæ. Félagið er aðili að Ungmennafélagi Njarðvíkur. Skammstafað UMFN.

3. grein

Markmið

Markmið félagsins er þróun og þroski líkamlegra, andlegar og félagslegra þátta í barna- og unglingsþjálfun.

Eining að auka áhuga almennings á íþróttum og félagsmálum.

4. grein

Þessu markmiði:

- a) Halda uppi æfingum fyrir félagi sína.
- b) Standa fyrir og taka þátt í íþróttamótum.
- c) Halda uppi fræðslu um íþróttamál á hvern þann hátt sem kostur er á hverjum tíma.
- d) Standa fyrir að byggð verði fullkomin júdóaðstaða.
- e) Standa fyrir góðu og vönduðu æskulýðsstarfi þar sem áhersla er lögð á heilbriggt líf og vinna gegn vímuefnanotkun.
- f) Að vinna að markmiðum og stefnuskrá ÍSÍ og UMFÍ.

Félagar

5. grein

Félagi getur orðið hver sá, sem æskir þess og samþykkir að gangast undir lög og skyldur félagsins og er samþykktur af stjórn deildarinnar.

Félagar teljast virkir félagar:

- a) Virkir félagar teljast þeir sem sækja æfingar hjá félaginu og þeir sem eru í stjórn félagsins eða gegna öðrum trúnaðarstörfum.



Lög júdódeildar UMFN

6.grein

Skipulag félagsins

Félagið er hluti af Ungmennafélagi Njarðvíkur og hlítur lögum þess og reglum.

Félagið hefur sameiginlega stjórn, sem er æðsti aðili þess milli aðalfunda.

Málefnum félagsins er stjórnað af:

1. Aðalfundi félagsins.
2. Stjórn félagsins.

Aðalfundur félagsins

7. grein

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald og ákvörðunarrétt í öllum málum þess. Skal hann haldinn eigi síðar en 15. mars ár hvert. Auglýsa skal aðalfundinn opinberlega, með 2 vikna fyrirvara. Aðalfundurinn telst lögmætur ef löglega er til hans boðað. Tillögum um breytingar á lögum félagsins skal senda aðalstjórn eigi síðar en 3 vikum fyrir aðalfund. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytinga á lögum félagsins, sem síðar koma fram ef 2/3 hlutar viðstaddra atkvæðisbærra fundarmanna eru því samþykkir.

8.grein

Dagskrá aðalfundar

Dagskrá aðalfundar félagsins skal vera sem hér segir:

1. Fundarsetning.
2. Kosinn fundarstjóri
3. Kosinn fundarritari.
4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
5. a) Formaður félagsins leggur fram skýrslu stjórnar um starfssemi og framkvæmdir á liðnu starfsári.
b) Gjaldkeri félagsins leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga stjórnar og félagsins í heild fyrir liðið starfsár til samþykktar.
c) Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
6. Lagabreytingar sbr. 7. gr. og 10. gr.
7. Kosinn formaður til tveggja ára í senn.
8. Kosnir 2 stjórnarmenn.
9. Kosnir 2 varamenn.
10. Önnur mál
11. Fundarslit.



Lög júdódeildar UMFN

Aukaaðalfundur félagsins

9. grein

Aukaaðalfundur félagsins má halda ef stjórn álitur þess þörf eða ef 1/4 atkvæðisbærra fundarmanna á aðalfundi félagsins óska eftir því, enda tilkynni þeir um leið fundarefni það er ræða á. Aukaaðalfundur er lögmætur sé til hans boðað skv. 7. gr. þessara laga. Aukaaðalfundur hefur sama vald og aðalfundur. Lagabreytingar og stjórnarkosningar skulu þó ekki fara fram á aukaaðalfundi.

Atkvæðagreiðslur, kjörgengi og félagsgjöld

10. grein

Á aðalfundi félagsins ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála, nema þegar um er að ræða tillögur til breytinga á lögum félagsins, en þær verða að samþykkjast af 2/3 viðstaddra atkvæðisbærra fundarmanna. Kosningar skulu vera skriflegar ef þess er óskað. Séu atkvæði jöfn við stjórnarkjör skal kosning endurtekin. Verði þá atkvæði enn jöfn skal hlutkesti ráða.

11. grein

Allir skuldlausir 16 ára og eldri hafa kjörgengi til stjórnarstarfa, tillögurétt, atkvæðisrétt og málfrelsi á aðalfundi félagsins.

Stjórn og verkefni

12. grein

Stjórn félagsins ber að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Hún hefur umráðarétt yfir eignum félagsins og markar stefnu þess í aðalatriðum.

Stjórn er heimilt að skipa nefndir til að vinna að ákveðnum verkefnum á hennar vegum og skulu þær leggja allar meiriháttar tillögur og ákvarðanir fyrir stjórn félagsins til samþykktar.

13. grein

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður kjörinn sérstaklega á aðalfundi félagsins og 4 meðstjórnendur, einnig kjörnir á aðalfundi, en þeir skipta með sér verkum þannig: varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Kjörtímabil stjórnar er milli aðalfunda félagsins. Formaður boðar til fundar í stjórn, þegar hann telur nauðsynlegt eða ef 1 stjórnarmaður óskar eftir fundi. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála í stjórn.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar er mættur.



Lög júdódeildar UMFN

Reikningsár

14. grein

Reikningsár félagsins þess skal vera frá 20. janúar til 21. janúar.

Eignir og félagaslit

15. grein

Eignir deildar er sameign félagsins. Hætti deildin starfsemi skal stjórn deildarinnar afhenda aðalstjórn UMFN eignir hennar. Taki deildin ekki upp starfsemi aftur innan 5 ára renna eignir hennar í aðalsjóð félagsins. Verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu vera í vörslu aðalstjórnar UMFN. Félaginu verður ekki slitið nema á aðalfundi félagsins og þá með samþykki 4/5 hluta viðstaddra atkvæðisbærra fundarmanna.

Laun þjálfara

16. grein

- Þjálfaralaun á hverju ári mega aldrei vera meiri en hagnaður síðasta árs.
- Þjálfaralaun eiga að vera 6-7/10 hagnaðar síðasta árs og ræðst tímakaup af þeim hagnaði. 6-7/10 hagnaðar síðasta árs skal deila með tímum í töflu í hverri viku sem er svo margfaldað með vikum í mánuði og mánuðum í þjálfun:
 - $6-7/10$ hagnaðar síðasta árs (H) / (tímum í töflu í hverri viku (T)*vikur í mánuði(meðaltal 4,33) (V)*mánuðir í þjálfun (M).
 - $6-7/10H/(T*V*M)$ Dæmi: $900.000/(15*4,33*10) = 1.385$ kr. á tímann og ef það eru 15 tímar í viku: $1.385*15*4,33 = 89.956$ kr. En svo bætist við þjálfarastyrkur frá ÍRB.
- Fullmenntaðir þjálfarar sem eru annað hvort íþróttافرæðingar eða með svartabeltið í júdó eða annari bardagaíþrótt fá fullt tímakaup en aðrir hálf títímkauþ.
- 2-3/10 af hagnaði hvers árs verður notaður í kaup á búnaði og tækjum, senda þjálfara á námskeið og annað sem deildin þarf á að halda í sínu starfi.
- 1/10 af hagnaði hvers árs rennur til foreldraráðs júdódeildar UMFN. Þeir fjármunir verða svo notaðir í videókvöld, pizzukvöld, bío og annað skemmtilegt.



Lög júdódeildar UMFN

Fjáraflanir.

- Hver iðkandi hefur rétt á því að nota sínar fjáraflanir til að fjármagna æfinga- eða keppnisferðir sem deildin fer í erlendis á hverjum tíma, en ekki í neitt annað.
- Fjármagn frá þeim sem ekki nota fjáraflanir til að fjármagna æfinga- eða keppnisferðir erlendis rennur í sjóð deildarinnar og verður notað til að kaupa tæki, búnað og annað sem deildin þarf í sínu starfi og greiða laun þjálfara.
- Þeir sem safna upp í æfinga- eða keppnisferð erlendis en fara svo ekki eiga ekki rétt á þeim peningum sem þeir hafa safnað. Peningurinn rennur í sjóð félagsins.

Merki félagsins

17. grein

Merki félagsins er;



18. grein

Einstaklingum á sakaskrá eða einstaklingum sem eru viðriðnir glæpasamtök er ekki heimilt að þjálfa, né taka þátt með öðrum þætti í starfsemi deildarinnar.

Lagabreytingar

19. grein

Lögum þessum má ekki breyta nema á aðalfundi félagsins, og þarf til þess samþykki 2/3 hluta viðstaddra atkvæðisbærra fundarmanna sbr. 10. gr. Tillögur til lagabreytinga skulu tilkynntar með aðalfundarboðinu og skulu þær liggja frammi hjá stjórn félagsins eigi skemur en 14 dögum fyrir aðalfund félagsins.



Lög júdódeildar UMFN

Gildistaka

20. grein

Lögin þannig samþykkt á aðalfundi félagsins 23.02.2013 öðlast þau þegar gildi. Lögin þurfa staðfestingu Íþróttabandalags Reykjanesbæjar og aðalstjórnar UMFN. Sama gildir um síðari lagabreytingar. Jafnframt eru felld úr gildi öll eldri lög félagsins.